

6. gr.

9. gr. orðist svo:

Til þess að standast próf má aðaleinkunn eigi vera lægri en 5.0.

Nemandi telst fallinn séu fleiri en ein lokaeinkunn undir 3.0 án tillits til aðal-einkunnar.

Nemanda sem hlýtur aðaleinkunn 5.0 eða hærri en fleiri en eina lokaeinkunn undir 3.0 er heimilt að endurtaka próf í þeim greinum næst þegar próf eru haldin.

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 9. maí 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

1. júlí 1975.

Nr. 330.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Siglufjarðar selur raforku í smásölu á orkuveitusvæði sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

- 1.1. Um kWst.-mæli á kr. 30.00 hverja kWst.
- 1.2. Um kWst.-mæli á kr. 18.00 hverja kWst. Auk fastagjalds af rúmi því er lýsa skal, reiknast fastagjald af gólfleti:
 - a) fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 8.70 á m² á mánuði.
 - b) fyrir geymslur, ganga og verbúðir kr. 4.35 á m² á mánuði.

2. Heimilisnotkun.

- 2.1. Til heimila, sjúkrahúsa, skóla, gisti- og veitingahúsa má selja raforku til suðu á kr. 9.30 hverja kWst., enda séu suðutæki öll fasttengd og öll önnur notkun seld eftir gjaldskrárlíðum 1.1. eða 1.2.
- 2.2. Um kWst.-mæli á kr. 7.50 hverja kWst. auk fastagjalds af gólfleti er nemur kr. 4.35 af m² á mánuði af gólfleti íbúðar. Við ákvörðun á gólfleti íbúðar reiknast öll íveruherbergi, eldhús, gangar og baðherbergi, en ekki geymslur og þvottahús. Íveruherbergi, sem um stundarsakir standa auð, eða eru notuð sem geymslur, skulu reiknuð sem íveruherbergi. Tekið skal tillit til þess, ef um súðarherbergi er að ræða.

3. Vélanotkun.

- 3.1. Um kWst.-mæli á kr. 18.00 hverja kWst.
- 3.2. Stórnotkun á mestaafismæla þannig reiknað:

Aflgjald kr.: 9 637.00 Kw. á ári.

Orkugjald kr.: 3.30 hverja kWst. af allri notkun.

- 3.3. Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa og kaupandi skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kWst. á ári má selja orku um kWst.-mæli þannig:
- Fyrir fyrstu 20 000 kWst. ársnotkun kr. 9.30 á kWst.
 Fyrir næstu 80 000 kWst. ársnotkun kr. 6.10 á kWst.
 Fyrir umfram 100 000 kWst. ársnotkun kr. 5.70 á kWst.

4. Hiti.

- 4.1. Til húshitunar og til hitavatnsgeyma um kWst.-mæli kr. 2.60 hverja kWst.
 4.2. Til húshitunar um kWst.-mæli á kr. 2.40 hverja kWst., enda megi rjúfa straum í allt að 3 klst. hvern sólarhring skv. nánari ákvörðun rafveitustjóra.
 4.3. Til húshitunar yfir sumarmánuðina er heimilt að selja raforku á kr. 1.30 hverja kWst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

- a) Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
 b) Að tæki, búnaður og lagnir í sambandi við rafmagnsupphitunina séu samkvæmt fyrirætlum rafveitunnar.
 c) Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitun, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafveitan setur um einangrun.

5. Önnur raforkunotkun.

- 5.1. Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 18.00 hver kWst.
 5.2. Til götu- og hafnarlýsingar um kWst.-mæli á kr. 13.00 hver kWst.

Alla raforkusölu, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár skal selja eftir gjaldskrárlið 1.

Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó með samþykki rafveitunefndar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem greiða skal af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 30 Amp.	kr. 25.00 á mán.
2. Af þrífasa mælum 50 Amp.	— 45.00 - —
3. Af þrífasa mælum 50—100 Amp.	— 65.00 - —
4. Af mestaalfsmælum 100 Amp.	— 150.00 - —
5. Af mestaalfsmælum yfir 100 Amp.	— 300.00 - —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal greiða ársleigu, sem á að vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

Leiga mælitækja innheimtist um leið og gjöld fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við veituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við flutningsgetu raftaugar þeirrar, sem að húsinu liggur, svo sem hér segir:

Heimtaugargjöld	Stofngjald	Yfirlengd kr./m.
35 A. 3ja fasa jarðstrengur	kr. 31 200.00	kr. 1 742.00
63 A. 3ja fasa jarðstrengur	— 39 780.00	— 2 130.00

	Heimtaugargjöld	Stofngjald	Yfirlengd kr./m.
100 A.	3ja fasa jarðstrengur	— 49 400.00	— 2 390.00
125 A.	3ja fasa jarðstrengur	— 61 750.00	— 2 700.00
200 A.	3ja fasa jarðstrengur	— 96 330.00	— 3 660.00
300 A.	3ja fasa jarðstrengur	— 138 900.00	— 4 460.00

Yfirlengd greiðist þegar lengd heimtaugar fer fram úr 15 metrum. Lengd jarðstrengs mælist frá lóðarmörkum húss. Ef heimtaugarlögkrefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrrar spennistöðvar, nýrra aflsstrengja eða annars búnaðar, verða gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hverju tilviki.

Ef lögð er fleiri en ein heimtaug að húsi, greiðir húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi.

Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugargjöld, greiði aðeins hálf heimtaugargjald, ef loftlínu er breytt í jarðstreng. Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga, þegar uppsetningu er lokið og áður en straumur er settur á heimtaugina.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt þessari gjaldskrá ekki verið greitt svo að til lokunar veitu hafi komið, skal taka gjald fyrir enduopnun kr. 250.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og verður hún ekki enduopnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 250.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. SÖLUSKATTUR

Söluskattur 17%, 2% viðlagasjóðsgjald, 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðarhitunar og 13% verðjöfnunargjald, samtals 33% eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar, nema gjaldalið 4, sem er sala raforku til upphitunar.

VI. BREYTINGAR

1. Gjöld samkvæmt 4. lið gjaldskrárinnar breytast með útsöluverði á dísilolíu á Siglufirði, þannig að þau teljist jafngilda útsöluverði á dísilolíu 1. júlí 1975 eða kr. 20.20 pr. lítra, en hækki eða lækki um 10% fyrir hver full 10% sem olíuverð hækkar eða lækkar.
 2. Bæjarstjórn er heimilt að hækka öll gjöld, sem ákveðin eru í þessari gjaldskrá eða lækka, um allt að 20%.
- Breytingar til hækkunar skv. 1. og 2. lið eru háðar heimild iðnaðarráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að taka þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 350 12. nóv. 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 1. júlí 1975.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.